

FUNDARGERÐ

297. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. mars 2026 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Auður Finnbogadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Heimir Már Pétursson og Kristín Sóley Björnsdóttir. Silja Dögg Gunnarsdóttir og Eiríkur S. Svavarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediksdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir nr. 294, 295 og 296 voru lagðar fram og samþykktar.

2. Fjármál

a. Uppgjör febrúarmánaðar

Afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 17 m.kr. í febrúar. Það var ríflega 9 m.kr. lakari afkoma en áætlað var. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam halli á rekstri félagsins um 36 m.kr. sem var lítillega betri afkoma en áætlað var. Tekjur í febrúar námu tæplega 742 m.kr. og voru í takt við áætlun mánaðarins. Útgjöld einstakra deilda námu samtals tæplega 725 m.kr. og voru 9 m.kr. umfram áætlun. Áætlað er að afskriftir séu um 36 m.kr. í febrúar og sé í takt við áætlun. Fjármagnsliðir námu um 17 m.kr. og voru tæplega 13 m.kr. undir áætlun sem skýrist fyrst og fremst af gengishagnaði í mánuðinum.

Uppsafnað var afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir jákvæð um 113 m.kr. eftir fyrstu tvo mánuði ársins. Það er 9 m.kr. betri afkoma en áætlað var. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam halli á rekstri félagsins um 23 m.kr. sem er 5 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir. Tekjur fyrstu tvo mánuði ársins námu 1.656 m.kr. og voru 28 m.kr. umfram áætlun eða 1,7%. Útgjöld deilda námu samanlagt 1.543 m.kr. og voru um 19 m.kr. umfram áætlun eða 1,2%. Áætlað sé að afskriftir séu um 73 m.kr. í janúar og febrúar og í takt við áætlun. Fjármagnsliðir námu 63 m.kr. og voru 4 m.kr. umfram áætlun.

b. Umræður um ársreikning

Stjórnarformaðurinn gaf stjórnarmönnum tækifæri til þess að tjá sig frekar um ársreikning síðastliððs árs umfram það sem fór fram á síðasta fundi. Ekki voru frekari umræður um ársreikninginn.

3. Aðalfundur RÚV – tillögur stjórnar

Skrifstofustjóri fór yfir tillögur stjórnar fyrir aðalfund RÚV sem verður haldinn 16. apríl nk. Tillögurnar voru samþykktar.

4. Stefnumótunarvinna fyrir Ríkisútvarpið

Skrifstofustjóri fór yfir tillögu að tímalínu fyrir stefnumótunarvinnunna fram undan og kynnti stýrihóp sem mun halda utan um skipulag stefnumótunarinnar. Jafnframt var upplýst um að stjórnarformaður hafi átt undirbúningsfund í síðustu viku með hluta af stýrihópnum. Stjórn samþykkti tímalínuna og vinnufyrirkomulagið sem var kynnt fyrir stjórn.

Stjórnarformaður lagði til að við stefnumótunarvinnu næstu mánuði verði eftirfarandi atriði sérstaklega höfð til hliðsjónar:

- Miðað verði við að endurskoðun stefnu verði vinnulagi breytt í þá átt að stefna RÚV komi reglubundið til endurskoðunar að hluta eða í heild á 1-2 ára fresti í stað lengri tíma áður.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "1513" and "R&B".

- b. Við endurskoðun stefnu (2022-2026) verði lögð sérstök áhersla á verklega innleiðingu á markmiðum og virkar leiðir til árangursmælinga.
- c. Stjórn leggi áherslu á opið og virkt samráðsferli við almenning vegna stefnunnar eins og leitast hafi verið við áður.
- d. Stjórn minni á fyrri ábendingar um að fjalla sérstaklega um hlutverk RÚV við að efla og vernda íslenska tungu.
- e. Stjórn telji að við það stefnumótunarferli sem nú hefst skuli sérstaklega huga að því að styrkja og efla ritstjórnarlegan hluta stofnunarinnar í samræmi við gildi almannaútvarps.

Stjórn samþykkti tillögurnar og veitti stjórnarformanni umboð til þess að móta verkefnalýsingu og undirbúa sjálfstæða óháða úttekt á verkferlum og gæðastjórnun við dagskrárgerð og fréttamennsku innan RÚV. Vísað var í samþykkt stjórnar frá í janúar um að fela formanni að móta tillögur og er hér staðfestur sá vilji að láta fara fram rýnihópakönnun með sjálfstæðu gæðamati starfsmanna í dagskrárgerð og fréttum. Kostnaður er metinn hóflegur og verði borinn af þeim heildarframlögum sem ætluð séu til stefnumótunarvinnu nú.

5. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu mála vegna umhverfis- og loftslagsstefnu RÚV sem gefin var út í september 2022. Markmiðið með henni sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á hvert stöðugildi um 30% miðað við árið 2019. Á árinu 2019 nam losunin 288 tonnum af CO₂ sem þýði að hún þurfi að vera komin niður í 200 tonn árið 2030. Vel gangi að ná þeim markmiðum en losunin á síðasta ári var um 230 tonn, og dró úr losun í öllum flokkum, m.a. vegna aðgerða til að draga úr sóun, með bættum búnaði, fækkun sendastöðva o.fl. Áfram verði unnið að því að draga enn frekar úr losun með áframhaldandi aðgerðum á öllum sviðum.

Útvarpsstjóri fór yfir tölfræði yfir fjölbreytileika og kynjajafnvægi í dagskrá RÚV, en RÚV beri að endurspegla fjölbreytileika íslensks samfélags í dagskrá og starfsemi sinni og sé jafnrétti kynja lykilatriði í bæði innra og ytra starfi auk þess sem lögð sé áhersla á jafnræði ólíkra hópa og einstaklinga. Fylgst sé með kynjahlutfalli viðmælenda í dagskrá og að skráningin nái til viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum sem og reglubundnum innlendum þáttum í útvarpi og sjónvarpi. Í dagskrá RÚV utan frétt á árið 2025 var hlutfall viðmælenda 46,5% konur, 53,2% karlar og 0,3% kynsegin/annað. Ef aðeins séu skoðaðir fréttatímar og fréttatengdir þættir sé hlutfallið 43,5% konur, 56,3% karlar og 0,2% kynsegin/annað. Tölurnar hafi frá því að mælingar hófust þróast í átt að auknu jafnvægi.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að Gallup hafi mælt ánægju landsmanna með útsendingar og umfjöllun RÚV frá nýliðnu Evrópumóti karlalandsliða í handbolta. 86,8% svarenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með útsendingar RÚV, hlutlausir voru 10,2% og óánægðir eða mjög óánægðir 3%. Mikil ánægja mældist sömuleiðis með EM stofuna, lýsingar frá leikjum og umfjöllun RÚV á samfélagsmiðlum um EM karla í handbolta.

Þá fór útvarpsstjóri yfir að blaða- og dagskrárgerðarmenn RÚV fengu alls fimm tilnefningar til blaðamannaverðlauna 2025. Verðlaun fyrir umfjöllun ársins fengu Kristín Sigurðardóttir og Ingvar Haukur Guðmundsson fyrir vandaða og yfirgripsmikla umfjöllun í þættinum Kveik um afleiðingar e.coli matarsýkingar á leikskóla í Reykjavík. Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins hlutu Helgi Seljan og Árni Þór Theodorsson fyrir umfjöllun í þættinum Kveik um umfangsmiklar njósnaaðgerðir sem stóðu yfir vikum saman haustið 2012. Auk þess voru Kristján Guðjónsson og Lóa Björk Björnsdóttir tilnefnd til verðlauna fyrir umfjöllun ársins fyrir hlaðvarpsþáttaröðina Konungssinnar í Kísildal, Freyr Gígja

84 XIMP
1513 ESS KIB

Gunnarsson og Helgi Seljan fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins fyrir umfjöllun í Speglinum um umfangsmikil viðskipti ríkislögreglustjóra við ráðgjafafyrirtæki og Þóra Tómasdóttir til blaðamannaverðlauna ársins fyrir fréttaskýringar í þættinum Þetta helst.

Útvarpsstjóri fór yfir fyrirkomulag kosningaumfjöllunar RÚV vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Umfjöllunin verður víðtæk í sjónvarpi, útvarpi, vef og samfélagsmiðlum og m.a. verður boðið upp á oddvitaumræður í sjónvarpi og útvarpi hjá 21 sveitarfélagi auk málefnaumfjöllunar og kosningavöku á kjördag auk kosningavefs og kosningaprófs fyrir almenning. Stígur Helgason er kosningaritstjóri RÚV og Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir ritstjóri kosningavökkunnar.

Loks fór útvarpsstjóri yfir erlend samstarfsnet sem RÚV hafi boðist aðild að og sé nú til nánari skoðunar. Margt mæli með þátttöku í þessu samstarfi, t.d. til þess að auka möguleika fréttamanna og dagskrárgerðarfólks til fræðslu og tengslamyndunar, samframleiðslu, nýsköpunar á ýmsum sviðum o.fl.

6. Landsbyggðastefna

Landsbyggðastefna og landsbyggðaaætlun RÚV hafi verið í vinnslu í nokkurn tíma, en hún sé unnin á grunni laga, þjónustusamnings og stefnu RÚV. Vinnuhópur innan RÚV vann fyrstu drög hennar og hún var nánar útfærð og mótuð í samráðsferli með sveitarfélögum víðs vegar um land. Áhersla sé lögð á þjónustu við alla landsmenn og að mæta landfræðilegum fjölbreytileika íslensk samfélags með ýmsum hætti. Stjórnin samþykkti stefnuna fyrir sitt leyti.

7. Umfjöllun RÚV um þjóðaratkvæðagreiðslu

Rætt var um væntanlega umfjöllun RÚV vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við ESB, en tillaga sé fyrirbyggjandi á Alþingi um að atkvæðagreiðslan fari fram í lok ágúst nk. Fram kom hjá stjórnarmönnum að mikilvægt væri að vandað yrði til verka í þeirri umfjöllun. Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að undirbúningur vegna þessa væri þegar kominn í gang, hópur hefði verið settur saman þvert á miðla og Baldvin Þór Bergsson varafréttastjóri leiði þá vinnu fyrir hönd fréttastofunnar.

Umræða um þetta mál sé eðli málsins samkvæmt þegar hafin í fréttum og fréttatengdum þáttum auk þess sem Torgið var helgað þessari umræðu þriðjudaginn 24. mars. Þar var sjónum beint að spurningum almennings og leitað eftir svörum við helstu spurningum auk þess sem fulltrúar mismu nandi sjónarmiða töluðu fyrir sinni stefnu. Áfram verði unnið á þeim nótum að leggja áherslu á spurningar frá almenningi, m.a. sé í vinnslu útvarpsþáttasería sem verður bæði aðgengileg í línulegri dagskrá og á hlaðvarpsveitum þar sem áfram verði sjónum beint að helstu spurningum almennings. Þegar hafa leiðbeiningar verið sendar til starfsfólks RÚV um þær reglur sem gilda um þessa umfjöllun og annað, þar á meðal vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim og þátttöku frambjóðenda í almennum kosningum í dagskrá RÚV. Í þeim vinnureglum segi m.a. að Ríkisútvarpinu beri að gæta jafnræðis í umfjöllun sinni í aðdraganda kosninga og lúti sú skylda ekki aðeins að framboðum og frambjóðendum heldur einnig að þeim sem fjölmiðlaþjónustunni sé beint til. Að þessu og öðrum atriðum í reglunum verði gætt í hvívetna.

Ekki liggi fyrir hvernig umfjöllun RÚV verður háttað í heild sinni á þessum tímamarki, þar sem hin formlega ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu hafi ekki verið tekin, en áfram verði unnið að undirbúningi og útfærslu á væntanlegri umfjöllun um þessi mál. Rétt væri að hafa í huga að áður en að þessum kosningum kæmu væru sveitarstjórnarkosningar sem væru fyrir vikið í forgangi. Stjórn óskaði eftir því að útvarpsstjóri myndi skila stjórninni minnisblaði um útfærsluna þegar hún lægi fyrir.

8. Önnur mál

ISB bar fram eftirfarandi fyrirspurn í tölvupósti fyrir fundinn:

„Í þættinum „Vikan með Gísla Marteini“ sem var sýndur föstudaginn 20. mars sl. var sýnt atriði á vegum Tvíhöfða. Í atriðinu vék Jón Gnarr, þingmaður Viðreisnar og yfirlýstur stuðningsmaður þess að Ísland gangi í Evrópusambandið, sér í hlutverk andstæðings aðildar að Evrópusambandinu og skopstældi þann




málstað. Óskað er eftir upplýsingum um hvort Jón Gnarr hafi fengið greitt fyrir að koma fram í Vikunni með Gísla Marteini í umræddum þætti. Sömu leiðis er óskað eftir upplýsingum um hvernig útvarpsstjóri telji það samræmast hlutlægnisskyldum ríkisútvarpsins að þingmaður ríkisstjórnarinnar sé fenginn sem skemmtikraftur í vinsælu dagskrárefni í því skyni að flytja pólitísk skilaboð og hæðast að málstað pólitískra andstæðinga.“

Útvarpsstjóri upplýsti að umræddur skemmtikraftur, sem jafnframt sé þingmaður, fái eins og aðrir skemmtikraftar sem séu með skemmtiatriði í þáttum RÚV greitt fyrir sína framkomu í þættinum. Skemmtiatriði séu ekki ritskoðuð af RÚV. Sérstakt ákvæði sé í vinnureglum um fréttir og dagskrárefni um takmarkanir á þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá RÚV og giltu þau ákvæði einnig um talsmenn mismunandi fylkinga ef um þjóðaratkvæðagreiðslu sé að ræða. Þar sé viðmiðunardagsetning sá dagur sem framboðsfrestur rennur út. Ekki hafi verið lagt endanlegt mat á það í tengslum við mögulega þjóðaratkvæðagreiðslu hverjir skuli teljast talsmenn tiltekinna fylkinga, slíkt verði gerð þegar ákvörðun hefur verið tekin um þjóðaratkvæðagreiðsluna á Alþingi.

ISB gagnrýndi svör útvarpsstjóra og fylgdu í kjölfarið umræður.

Fundi slitið.



Tognur Smári Birgisson



Kristinn Ólafsson
Andri Árnason